

Kaupmannahöfn. Sjö þeirra voru hnepptir í gæzluvarðhald og urðu að svara mjög áleitnum spurningum. Framburður ljósamannsins var þar að baki, og ekki skánaði það, þegar tvær kerlingar gátu skýrt frá því, að sjálfa morðnóttina hefðu þær séð leiguvagn á fleygiferð niður eftir Lampavegi.

En þó tók steininn úr, hvað kúskana snerti, þegar lögreglunni barst löng, skrifleg skýrsla frá — „framliðnum anda". — Það var vissulega óvenjulegur framburður, sem lögreglan hafði þarna allt í einu í höndunum, og á sér ekki margar hliðstæður. Skýrslan var undirrituð: „Frá heimspekilegu bræðralagi útvalinna andatrúarmanna", og hún var sem sagt framburður að handan. Efnislega var hún alls ekki ósennileg. Það var upplýst, að hinn myrti hefði komið við á einni krá í viðbót á heimleiðinni og hefði orðið þéttkenndur af því, sem hann hefði fengið sér þar. Einhver hefði boðizt til að fylgja honum heim, en eins og fullum mönnum er gjarnt, hefði hann talið sig einfæran og fullfæran til að komast þangað sjálfur. En eigandi veitingahússins, sem hefði haft áhyggjur vegna veitingaleyfisins, hafði pantað leiguvagn og gestinum síðan verið dröslað í hann.

Þegar kúskurinn hafði ekið nokkurn spöl — að því er andinn sagði — sótti náttúruleg nauðsyn á trésmiðinn, og hann varð að komast út. Þegar hann var búinn að pissa, vildi hann endilega borga, en freistingin hefði borið kúskinn ofurliði, er hann sá alla peningana, hann hefði slegið hann í höfuðið með járnbolta og stungið af með peningana. En við nánari umhugsun hefði hann þó snúið við eftir nokkra stund og slegið trésmiðinn tvisvar í viðbót í hausinn til vonar og vara.

Síðan lýsti andinn kúskinum, hestinum og vagninum, en tók fram, að um frekari upplýsingar yrði ekki að ræða, eins og sakir stæðu.

Þennan framburð tók lögreglan mjög alvarlega og hagaði rannsókn sinni í samræmi við hann. En ekki fannst sökudólgurinn.

Þegar í flest skjól virtist fokið, tók lögreglan enn á ný að beina athygli sinni að Schick-fjölskyldunni. Það hafði orðið að leysa Schick hinn unga úr haldi vegna skorts á sönnunum, en tortryggnin gagnvart honum hafði ekki rénað við það. Aftur á móti þótti ferill gamla Schicks forvitnilegur. Fjölskyldan var svo óheppin að búa endilega í sama húsi og óvenjulega glöggur lögregluþjónn, og sá góði opinberi starfsmaður skýrði rannsóknarlögreglunni frá því, að Carl Schick gamli hefði skyndilega getað greitt tveimur lánadrottnum sínum 1400 krónur. Út af fyrir sig þurfti þetta ekki að vera neitt merkilegt fyrir mann, sem bæði átti veitingahús og hestvagnaleigu, en hið grunsamlega var, að um langt skeið hafði fjármálum hans verið þann veg háttað, að hann skuldaði út og suður.

Nú varð hann að gefa skýringu á því, hvaðan honum hefði svo snögglega komið svo ríkulegt fé, og hann sagði þá ósennilegu sögu, að hann hefði grætt 2000 krónur á síðasta ári. Fyrir það fé hefði hann keypt ítölsk skuldabréf í Danmörku, en hefði svo selt þau aftur — í Hamborg, þar sem hann hefði um leið skipt þýzkum peningum í danska.

Hann virtist ekki trúa sögunni sjálfur frekar en pólitíið, en við rannsókn reyndist það rétt vera, að hann hefði greitt 1400 krónur upp í skuldir. Aftur á móti fundust 550 krónur heima hjá honum, og það dæmi kom ekki upp hjá honum, sem ekki hafði getað borgað 20 krónur í langan tíma rétt áður. Hann var þess vegna úrskurðaður í gæzluvarðhald. En nú breytti hann sögunni um ítölsku skuldabréfin í upplýsingar um það, að hann hefði átt fjóra 500 króna seðla, sem hann hefði ekki þorað að skipta í Danmörku, heldur farið til Hamborgar til þess.

Það var gengið í skrokk á honum og honum sýnt fram á, að enginn gæti trúað því, að hann hefði lumað á fjórum 500 króna seðlum, meðan hann væri að drukkna í skuldum. En gamli Schick var þrárri en andskotinn og lét ekki undan, þótt vitni gætu borið um það, að sá gamli kúskur hefði sko ekki aldeilis verið heima hjá sér um miðnætti á sínum tíma, eins og kona hans hafði staðfest, heldur setið að drykkju í öldurhúsi þá nótt. Það haggaði ekki karlinum heldur, að vitni staðhæfði, að það hefði hitt hann á Lamavegi morðnóttina.

Lögreglan var ráðþrota. Hún fór þó að kanna fortíð hans, og hún reyndist í meira lagi flekkótt. Hann hafði víða freistað gæfunnar, þegar hann hóf rekstur veitingahúss og hestvagnaleigu 1864. Sagt er, að hann hafi reynt allt, sem hugsanlegt hafi verið, frá því að vera leikari til þess að vera dýratemjari. En hvað mögulegt er þar á milli, er önnur saga, sem ég kann ekki.

Í sambandi við veitingahús hans var margt, sem vakti forvitni lögreglunnar. Einu sinni hafði finnskrússneskur sjóliði búið hjá honum. Hann dó mjög snögglega eftir að hafa drukkið hjá honum kaffisopa. Schick hafði skýrt rússnesku ræðismannsskrifstofunni svo frá, að sjóliðinn hefði ekkert átt, en nokkur vitni, sem lögreglunni tókst að finna, héldu því fram, að skömmu fyrir andlát sitt hefði sjóliðinn tekið út kaup sitt og ekki eytt neinu af því, svo vitað væri.

Það virtist hafa verið lífshætta að búa hjá Schick. Englendingur hafði búið þar 1884 — og hengt sig, að því er Schick hélt fram. Og þar sem lykillinn var í að innanverðu, var skýring hans tekin gild.

En Englendingurinn hafði líka átt peninga — alls 1084 krónur — en þeir höfðu einnig horfið með honum. Hér gerði gamli Schick þó játningu. Hann sagði, að Englendingurinn hafði beðið sig að senda þessa peninga til barns, sem hann ætti utan hjónabands — ef hann myndi skyndilega deyja. En peningana átti þó ekki að senda, fyrr en barnið væri orðið 18 ára. Og þá helzt á afmælisdaginn. Og meira að segja var Englendingurinn svo elskulegur að bjóðast til að lána Schick þessa peninga til að kaupa vagn og hest fyrir son hans. Það var að vísu leitt til þess að vita, að hvorki barn Englendingsins né sonur Schicks fengu nokkurn tíma að vita um þessa peninga, en að hann — Schick myndi nokkurn tíma gera sig sekan um jafn svívirðilegt athæfi og að drepa leigjendur sína, það var af og frá.

Svo var gengið í skrokk á Schick hinum unga. Hvaðan hafði hann haft alla þessa peninga, sem hann stráði um sig dagana eftir morðið? Það var nóg af vitnum, sem gátu borið um það. Eitt þeirra bar, að það hefði séð hann í vagni föður hans þá um kvöldið, þegar morðið var framið, og ljósamaðurinn hélt því stöðugt fram, að hann væri sá, sem hann hefði séð hinn myrta vera að borga á Lampavegi. Loks kom Adolf Schick með þá „játningu", að hann hefði þá um nóttina stolið 200 krónum af drukknum slátrara, sem hann hefði verið að aka um bæinn.

En hvað snerti morðið á trésmiðnum, stóð lögreglan ráðþrota andspænis neitunum þeirra feðga, og ekki var harkan meiri en svo hjá dönsku lögreglunni 1889 en að hún varð að láta sér nægja það, sem þeim þóknaðist að játa á sig.

Lögreglan komst aldrei til botns í þessu máli. Feðgarnir neituðu afdráttar- og endalaust. Og morðmálið var síðan lagt til hliðar. Þokkabótin varð svo, að þeir voru dæmdir fyrir það, sem þeir að öllum líkindum lugu upp á sig: faðirinn fyrir að hafa tekið peninga Englendingsins með ofangreindum hætti og sonurinn fyrir að hafa stolið af slátraranum.

Það var fangavist í fimmtán daga upp á vatn og brauð fyrir karlinn, en þrjátíu daga fyrir soninn.

Þess má geta, að Schick gamli fór hið bráðasta til Ameríku, eftir að hann hafði afplánað refsinguna.

En máli þessu er það að kenna, að Lampavegur er ekki lengur til í Kaupmannahöfn. Og þó, en hann heitir öðru nafni og er nú kenndur við íslenzka ljóslækninn Niels Finsen. Og það var einhvern tíma á þessum árum, sem séra Matthías þýddi úr útlenzku: „Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim, mig glepur sýn."